

Mánudaginn 14. nóvembermánaðar.

Nr. 20 1892: Skiptaráðandinn í Norðurmúlasýslu, sýslumaður Einar Thorlaciur, fyrir hönd protabús W. G. Spence Pater- sons, Þórarinn Guðmundsson, Krist- ján Hallgrímsson og I. M. Hansen gegn skiptaráðandanum í Suður-Múla- sýslu, Jóni sýslumanni Johnsen, Sveini Sigfússyni, Jóni presti Guð- mundssyni, Erlendi Árnasyni, Pálma Pálmasyri, Friðriki Jóhannssyni, Þorkeli Jónssyni, Magnúsi P. Jóns- syni og Þorsteini Jónssyni.

D ó m u r:

Árið 1891 rak brezkur konsúll W. G. Spence Pat- erson nokkra verzlun á Austfjörðum og hafði hann árið áður leyst til þess borgarabréf á Seyðisfirði. Nefnt ár keypti hann af mönnum bæði á Seyðisfirði í Norður- Múlasýslu og í Norðfirði í Suður-Múlasýslu töluvert af fiski, sem tilætlunin var, að hann borgaði með pening- um út í hönd, en þegar til kom, brukku eigi peningar þeir til, er hann hafði, og fór hann svo utan um haust- ið, að mikill hluti fisksins var óborgaður. En áður en hann fór af landi burt, samdist svo með honum og skuldheimtumönnum hans í Norðfirði, 16. októbermán. f. á. að fiskur sá, er hann átti þar og aðrar eignir honum tilheyrandi þar í firðinum, skyldu vera þar í haldi, unz skuld hans þar væri lokið, og ef hann eigi greiddi skuldina á umsömdum tíma í janúar og júní þ. á., mátti selja það, er hann átti í Norðfirði til lúkning-

ar skuld hans og áföllnum kostnaði og skaðabótum eptir óvilhallra manna mati. Í júnímánuði í vor hafði hann eigi borgað neitt af skuld þessari til Norðfirðinga, en nokkru áður hafði hann komið til Seyðisfjarðar, og af því að hann eigi gat borgað mönnum þar skuldir sínar, sem þeir gengu að honum með, var hann lýstur gjaldþrota og bú hans tekið þar til skiptameðferðar 17. maí þ. á. Var kosin 3 manna nefnd til þess að rannsaka efnahag þrotabúsins og voru í henni áfrýjendurnir I. M. Hansen, Kristján Hallgrímsson og Þórarinn Guðmundsson, og fór hinn fyrstnefndi til Eskifjarðar og krafðist þess þar fyrir hönd þrotabúsins, að skiptaráðandinn í Suður-Múlasýslu, hinn stefndi sýslumaður, skrifaði upp eignir Patersons í Norðfirði þar í sýslu og drægi þær inn í þrotabúið á Seyðisfirði. Hinir stefndu Sveinn Sigfússon, Jón prestur Guðmundsson o. fl., sem voru eigendur eða umráðamenn skuldanna í Norðfirði á hendur Paterson, mættu að vísu ekki í skiptarjettinum, þó að þeir væru aðvaraðir af skiptaráðanda, en þeir mótmæltu í brjefi, er þeir rituðu skiptaráðanda, nefndri kröfu með skýrskotun til framangreinds samnings 16. okt. f. á., og kváðust eigi ódæmdir sleppa neinu af eignum Patersons í Norðfirði við aðra út í frá, meðan þeir hefðu eigi fengið sínar skuldir borgaðar. Út af þessu uppkvað hinn stefndi skiptaráðandi í Suður-Múlasýslu úrskurð þann, er áfrýjað er með máli þessu 13. júní þ. á. svohljóðandi: »Krafa þrotabús W. G. Spence Patersons á Seyðisfirði um, að svo kallaðar eigur Patersons í Norðfirði verði með uppskrift dregnar inn undir þrotabú hans á Seyðisfirði, verður ekki tekin til greina«.

Þessum úrskurði hafa áfrýjendurnir af hálfu þrotabús Patersons á Seyðisfirði skotið til yfirdómsins og

krafizt þess, að hinn stefndi sýslumaður verði að viðlögðum dagsektum dæmdur til að skila protabúi W. G. Spence Patersons á Seyðisfirði eignum þeim, er Paterson átti í Norðfirði og nefndar eru í sættinni eða samningnum 16. okt. 1891, eða andvirði þeirra, ef þær eru seldar, og að hinir stefndu, þar með talinn sýslumaðurinn, verði einn fyrir alla og allir fyrir einn dæmdir til að greiða áfrýjendunum málskostnað fyrir yfirrjetti að skaðlausu. Hinir stefndu hafa aptur á móti krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða allan áfrýjunarkostnað með 100 krónum.

Með því að eigur þær tilheyrandi Paterson konsúl, er hinu áfrýjaði úrskurður ræðir um, voru, eins og sjest af framanskriðuðu, í haldi einstakra manna, sem töldu sig hafa rjett til að halda þeim og selja upp í skuldir sínar samkvæmt fyrnefndum samningi 16. okt. 1891, án tillits til þess, þótt eigur Patersons væru að öðru leyti teknar til protabúsmedferðar, og með því að menn þessir neituðu að sleppa eignum þessum ódæmdir úr höndum sínum, þá gat skiptaráðandinn eigi orðið við kröfu protabúsins á Seyðisfirði, um, að hann með uppskrift drægi eigur þessar inn undir nefnt protabú, og var því hinn áfrýjaði úrskurður rjettur eins og á stóð. Það ber því að staðfesta úrskurð þennan, og getur eigi komið til mála, að taka til greina kröfu áfrýjendanna um að skiptaráðandinn verði með dagsektum skyldaður til að skila protabúinu þessum eignum eða andvirði þeirra. Málskostnað fyrir yfirdómi virðast áfrýjendur verða að greiða hinum stefndu með 30 krónum.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður. Áfrýjendurnir Einar sýslumaður Thorlacius, Þórarinn Guðmundsson, Kristján Hallgrímsson og I. M. Hansen greiði in solidum hinum stefndu í málskostnað fyrir yfirdómi 30 krónur, er greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 12. desembermánaðar.

Nr. 14/1892:

Gísli Eiríksson

gegn

Magnúsi Vilbjálmssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í hjerði af Magnúsi Vilbjálmsyni í Sauðhaga gegn Gísla Eiríkssyni á Vestdalseyri, út af skuld, er hann telur til hjá Gísla. Gísli höfðaði aptur gagnsókn gegn Magnúsi — eða rjettara gagnkærði Magnús — til þess að fá hann dæmdan til að gjöra reikningsskil o. fl. Var málið í heild sinni dæmt í aukarjetti Norður-Múlasýslu, 6. febr. þ. á., með þeim úrslitum, að Gísli skyldi greiða Magnúsi skuld þá, er hann taldi til hjá Gísla, 158 kr. með 4% vöxtum frá sáttakærudegi, en Magnús skyldi vera sýkn af kærnum og kröfum gagnstefnanda (í hjerði) Gísla Eiríkssonar. Málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hefur Gísli Eiríksson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu dags. 20. aprílmán. þ. á.

Hinn 18. ágúst f. á. gaf hinn stefndi Magnús Vil-